

21. desember 2021

Sveitarfélagið Hornafjarðar  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn

### **Umsögn um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 -Efnistaka á Suðurfjörum-**

Með tölvupósti dag. 14.12. sl. óskaði umhverfis- og skipulagsstjóri sveitarfélagsins eftir umsögn HAUST um tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Tillagan sem hér er til umsagnar er unnin ef verkfræðistofunni Eflu og er dagsett 23. júní 2021. Tillagan gerir ráð fyrir að heimiluð verði allt að 2.000 m<sup>3</sup> efnistöku á svæði/svæðum á Suðurfjörum, í landi Borgar. Fram kemur að um sé að ræða rannsóknarverkefni og efni verði tekið á nokkrum stöðum innan hins skipulagða svæðis og sent til frekari rannsókna erlendis. Jafnframt kemur fram að ef rannsóknir á efninu gefa góða raun sé hugsanlegt að farið verði í frekari efnisvinnslu á svæðinu en til þess að svo megi verði þurfi að gera aðra skipulagsbreytingu og jafnframt meta hvort efnistakan skuli háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þar að lútandi.

#### **Umsögn:**

Af hálfu Heilbrigðisnefndar eru ekki gerðar athugasemdir við tillöguna eins og hún er fram sett. Vakin er athygli á því að um efnistöku gildir m.a. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Efnitaka er talin upp í tölulíð 2.6 í viðauka X (Vinnsla jarðefna, þ.m.t. malar-, vikur- og grjótnám.) Fyrirhuguð starfsemi er því háð starfsleyfi Heilbrigðisnefndar Austurlands.

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

